

AUGLÝSING

um alþjóðasamning gegn misnotkun lyfja í íþróttum.

Hinn 10. febrúar 2006 var aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings gegn misnotkun lyfja í íþróttum sem gerður var í París 19. október 2005. Samningurinn öðlast gildi 1. febrúar 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 17. febrúar 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR gegn misnotkun lyfja í íþróttum.

Þrítugasta og þriðja þing aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO), hér eftir nefnd Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, sem haldið var í París frá 3. til 21. október 2005,

hefur í huga markmið Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna að stuðla að friði og öryggi með því styrkja samstarf þjóða með fræðslu, vísindum og menningu,

vísar til gildandi alþjóðasamninga um mannréttindi,

hefur í huga ályktun 58/5 sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 3. nóvember 2003 um íþróttir í þágu menntunar, heilsu, þróunar og friðar, einkum 7. mgr. hennar,

gerir sér grein fyrir því að íþróttum er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki í heilsuvernd, í siðferðilegu og líkamlegu uppeldi og til að auka skilning þjóða í milli,

gerir sér grein fyrir þörfinni fyrir að hvetja til og samræma alþjóðlegt samstarf til að útrýma misnotkun lyfja í íþróttum,

hefur áhyggjur af lyfjamisnotkun íþróttamanna og afleiðingum hennar á heilsu þeirra, á hugtakið um „drengskap í leik og keppni“, svo og heiðarleika og framtíð íþróttaiðkunar,

er ljós sú hættu sem þeim siðferðilegu meginreglum og menntunargildum, sem fram koma í alþjóðasáttmála Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um íþróttir og líkamsrækt og Ólympíusáttmálanum, stafar af lyfjamisnotkun,

minnist þess að Evrópusamningurinn gegn misnotkun lyfja í íþróttum og viðbótarbókun við hann eru verkfæri þjóðaréttar og grunnur að stefnu hvers ríkis gegn misnotkun lyfja og samvinnu milli ríkja,

minnist tilmæla um lyfjamisnotkun sem samþykkt voru á annarri, þriðju og fjórðu alþjóðaráðstefnu ráðherra og yfirmanna í stjórnsýslu á sviði íþróttamála og líkamsræktar sem skipulögð var af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í Moskvu (1988), Punta del Este (1999) og Aþenu (2004) og ályktunar 32 C/9 sem samþykkt var á 32. þingi aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (2003),

hefur í huga alþjóðalyfjareglurnar sem Alþjóðlega lyfjaeftirlitsstofnunin (WADA) samþykkti á heimsráðstefnunni um lyfjamisnotkun í íþróttum sem haldin var í Kaupmannahöfn 5. mars 2003 og Kaupmannahafnaryfirlýsinguna um lyfjamisnotkun í íþróttum,

er einnig ljós þau áhrif sem afreksfólk í íþróttum hefur á æskuna,

hefur í huga sífella þörf fyrir rannsóknir til að bæta eftirlit með lyfjamisnotkun og skilning á þáttum sem hafa áhrif á notkun lyfja til þess að forvarnarstarf skili sem bestum árangri,

hefur einnig í huga mikilvægi símenntunar fyrir íþróttafólk, aðstoðarfólk íþróttamanna og samfélagsins í heild til að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun,

er ljós þörfin á að auka getu aðildarríkjanna til að fullvinna áætlanir um aðgerðir gegn lyfjamisnotkun,

gerir sér grein fyrir því að stjórnvöld og frjáls íþróttasamtök bera sameiginlega ábyrgð á baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, einkum til að tryggja að íþróttamót fari réttilega fram á grundvelli hugtaksins um „drengskap í leik og keppni“, og til að vernda heilsu þeirra sem leggja stund á íþróttir,

viðurkennir að þessir aðilar verða að vinna saman til að tryggja sem mest sjálfstæði og gagnsæi á öllum viðeigandi stigum,

er staðráðið í að grípa til frekari og ákveðnari aðgerða til þess að draga úr og að lokum útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum,

viðurkennir að útrýming á lyfjamisnotkun í íþróttum veltur að hluta til á framvirkri samræmingu á stöðlum og aðferðum sem beitt er gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og samvinnu á landsvísu og á alþjóðavettvangi,

samþykkir samning þennan þann 19. október árið 2005.

I. hluti: Gildissvið.

1. gr.

Tilgangur samningsins.

Tilgangur samnings þessa er innan stefnu- og starfsáætlunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði líkamsræktar og íþróttar, að stuðla að forvörnum og vinna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, með það að markmiði að útrýma henni.

2. gr.

Skilgreiningar.

Eftirfarandi skilgreiningar ber að skilja í samræmi við alþjóðalyfjareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar, (World Anti Doping Code), gegn lyfjamisnotkun í íþróttum en ef til ágreinings kemur gilda ákvæði samningsins.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. *viðurkenndar rannsóknarstofur fyrir eftirlit með lyfjamisnotkun:* rannsóknarstofur sem viðurkenndar eru af Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnuninni (WADA).
2. *samtök gegn lyfjamisnotkun:* aðilar sem eru ábyrgir fyrir því að setja reglur um lyfjaeftirlit, framkvæmd þess og hvernig ber að framfylgja því á öllum stigum. Þeirra á meðal eru Alþjóðaólympíunefndin, Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra, önnur samtök sem standa fyrir stórviðburðum þar sem lyfjapróf eru tekin, Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunin, alþjóðleg íþróttasambönd og samtök gegn lyfjamisnotkun í hverju landi.
3. *brot á reglum um lyfjamisnotkun í íþróttum á við um eitt eða fleiri eftirfarandi:*
 - a) bannað efni, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða annað efni sem gefur til kynna tilvist bannaðs efnis finnst í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit,
 - b) að nota eða gera tilraun til að nota bannað efni eða bannaða aðferð,
 - c) að neita eða láta undir höfuð leggjast, án lögmætrar ástæðu, að mæta til löglega boðaðs lyfjaeftirlits eða koma sér á annan hátt undan því að gefa sýni við lyfjaeftirlit,
 - d) að fylgja ekki gildandi reglum um að íþróttamaenn skuli vera aðgengilegir til lyfjaeftirlits utan keppni, þ.m.t. að íþróttamaður veiti ekki nauðsynlegar upplýsingar um aðsetur sitt og mæta ekki í boðað lyfjapróf samkvæmt settum reglum,
 - e) að hafa eða reyna að hafa áhrif á lyfjaeftirlit eða sýni úr lyfjaeftirliti á einhvern þann hátt sem breytt gæti niðurstöðum lyfjaeftirlitsins,
 - f) að eiga eða hafa undir höndum bannað efni eða það sem þarf til notkunar bannaðrar aðferðar,
 - g) ólögleg viðskipti með hvers kyns bönnuð efni eða aðferðir, s.s. framleiðsla, innflutningur, útflutningur, sala, dreifing, kaup, sending eða afhending bannaðra efna eða það sem þarf til notkunar bannaðrar aðferðar,
 - h) að gefa eða reyna að gefa íþróttamanni inn bannað efni eða beita hann bannaðri aðferð,

eða aðstoða við, hvetja til, auðvelda, styðja, hylma yfir eða gerast á annan hátt samsekur við athæfi sem felur í sér lyfjamisnotkun eða tilraun til lyfjamisnotkunar.

4. *íþróttafólk*: hver sá sem tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi á alþjóðavettvangi eða landsvísu eins og skilgreint er af samtökum gegn lyfjamisnotkun í hverju landi fyrir sig og viðurkennt er af aðildarríkjunum og að auki sá sem tekur þátt í íþróttum eða íþróttaviðburðum á lægra stigi sem aðildarríkin viðurkenna. Í áætlunum um menntun og þjálfun er „íþróttafólk“ sá sem tekur þátt í íþróttum undir merkjum íþróttasamtaka.
5. *starfslið íþróttafólks*: þjálfari, framkvæmdastjóri, umboðsaðili, starfsmaður keppnisliðs, embættismaður, læknir eða bráðataknir sem vinna með eða sjá um íþróttafólk sem tekur þátt í eða undirbýr íþróttakeppni.
6. *alþjóðalyfjareglur*: lyfjareglur Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar, (WADA- World Anti Doping Code) sem samþykktar voru þann 5. mars 2003 í Kaupmannahöfn og er að finna í viðauka I við þennan samning.
7. *keppni*: einstakt mót, keppni, leikur eða íþróttaviðburður.
8. *lyfjaeftirlit*: ferli sem felur í sér áætlun um prófanir, sýnatöku og sýnameðferð, greiningu á rannsóknarstofu, meðferð á niðurstöðum, málsmeðferð og áfrýjanir.
9. *lyfjamisnotkun í íþróttum*: brot á alþjóðalyfjareglum um misnotkun lyfja í íþróttum.
10. *viðurkenndir lyfjaeftirlitsaðilar*: eftirlitsaðilar með misnotkun lyfja í íþróttum og starfa fyrir samtök gegn lyfjamisnotkun á alþjóðlegum vettvangi eða í hverju ríki.
11. *lyfjapróf í keppni*: til aðgreiningar á prófum utan keppni, lyfjapróf sem íþróttafólki er gert að fara í, í tengslum við ákveðna keppni, nema annað sé tekið fram í reglum alþjóðlegs íþróttasambands eða annarra viðeigandi samtaka gegn lyfjamisnotkun.
12. *alþjóðlegur staðall fyrir rannsóknarstofur*: staðall í viðbæti 2 með samningnum.
13. *alþjóðlegur prófunarstaðall*: staðall í viðbæti 3 með samningnum.
14. *án fyrirvara*: lyfjaeftirlit sem fer fram án þess að íþróttafólki sé gert viðvart fyrirfram og stöðugt er fylgst með íþróttafólki frá því að tilkynnt er um eftirlitið og sýni hefur verið tekið.
15. *Ólympíuhreyfingin*: þeir aðilar sem samþykkja að fara eftir Ólympíusáttmálanum og viðurkenna stjórn Alþjóðaólympíunefndarinnar, það er: alþjóðleg íþróttasambönd sem taka þátt í Ólympíuleikunum, ólympíunefndir aðildarríkja, skipulagsnefnd ólympíuleikanna, íþróttafólk, dómara, félög og klúbbar svo og öll samtök og stofnanir sem viðurkennd eru af Alþjóðaólympíunefndinni.
16. *lyfjaeftirlit utan keppni*: eftirlit með misnotkun lyfja sem ekki fer fram í keppni.
17. *listi yfir bönnuð efni og aðferðir*: listinn í viðauka I við þennan samning þar sem tiltekin eru þau efni og þær aðferðir sem eru bönnuð.
18. *bönnuð aðferð*: hver sú aðferð sem lýst er í listanum yfir bönnuð efni og aðferðir í viðauka I við þennan samning.
19. *bannað efni*: hvert það efni sem lýst er í listanum yfir bönnuð efni og aðferðir í viðauka I við þennan samning.
20. *íþróttasamtök*: hver þau samtök sem bera ábyrgð á viðburði þar sem keppt er í einni eða fleiri íþróttagreinum.
21. *staðlar fyrir undanþágu til að nota bönnuð efni í lækningaskyni*: staðlar í viðauka II við samning þennan.
22. *prófun*: sá hluti lyfjaeftirlitsins sem felur í sér áætlun um úthlutun á prófum, sýnatöku, meðferð á sýnum og flutning þeirra á rannsóknarstofu.
23. *undanþága til að nota bönnuð efni í lækningaskyni*: undanþága sem veitt er í samræmi við alþjóðlega staðla um undanþágur til að nota bönnuð efni í lækningaskyni.
24. *notkun*: bannað efni eða aðferð eru notuð, tekin inn, sprautað inn eða neytt með einhverjum hætti.
25. *Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunin (WADA)*: stofnun sem svo er nefnd og stofnuð var samkvæmt svissneskum lögum þann 10. nóvember 1999.

3. gr.

Úrræði til að ná tilgangi sammingsins.

Til að ná tilgangi sammingsins hafa aðildarríkin ákveðið að:

1. grípa til viðeigandi ráðstafana á alþjóðavettvangi og í hverju ríki sem eru í samræmi við stefnu alþjóðalyfjareglanna,
2. hvetja til hvers konar alþjóðasamstarfs sem hefur að markmiði að vernda íþróttafólk, siðferði í íþróttum og miðlun á rannsóknarniðurstöðum,
3. hlúa að alþjóðasamstarfi á milli aðildarríkjanna og leiðandi samtaka í baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, einkum samstarf við Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunina.

4. gr.

Tengsl sammingsins við alþjóðalyfjareglurnar.

1. Til þess að samhæfa framkvæmd baráttunnar gegn lyfjamisnotkun í íþróttum í hverju landi og á alþjóðavettvangi skuldbinda aðildarríkin sig til að fylgja stefnu alþjóðalyfjareglanna og leggja þær til grundvallar þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 5. gr. sammingsins. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir að aðildarríkin geti gripið til ráðstafana til viðbótar þeim sem er að finna í alþjóðalyfjareglunum.
2. Alþjóðalyfjareglurnar og nýjasta útgáfa á viðbættum 2 og 3 fylgir hér með til upplýsingar. Viðbættarnir eru ekki eiginlegur hluti sammingsins og eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin samkvæmt alþjóðalögum.
3. Viðaukarnir eru hins vegar órofa hlutar af samningnum.

5. gr.

Ráðstafanir til að ná fram markmiðum sammingsins.

Með því að staðfesta samninginn skuldbindur hvert aðildarríki sig til að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir geta verið setning laga og reglugerða, stefnumótun eða stjórnsýsluáðgerðir.

6. gr.

Staða gagnvart öðrum alþjóðasamningum.

Þessi samningur skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna vegna annarra alþjóðasamninga sem áður hafa verið gerðir og eru í samræmi við markmið og tilgang sammingsins. Þetta hefur ekki áhrif á að önnur aðildarríki njóti réttinda sinna eða inni af hendi skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

II. hluti: Lyfjaeftirlit í hverju landi.

7. gr.

Samræming heima fyrir.

Aðildarríkin skulu tryggja að farið verði eftir þessum samningi, einkum með samræmingu heima fyrir. Til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum geta aðildarríkin starfað með samtökum sem vinna gegn lyfjamisnotkun svo og yfirvöldum íþróttamála og íþróttasamtökum.

8. gr.

Takmörkun á framboði og notkun á bönnuðum efnum og aðferðum í íþróttum.

1. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til að takmarka framboð á bönnuðum efnum og aðferðum til þess að takmarka notkun þeirra hjá íþróttafólki, nema að notkun þeirra sé undanþegin í lækningaskyni. Um er að ræða ráðstafanir gegn sölu efna til íþróttafólks og í þeim tilgangi, ráðstafanir til að hafa eftirlit með framleiðslu, flutningi, innflutningi, dreifingu og sölu þeirra.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja eða hvetja, eftir því sem við á, viðkomandi aðila í lögsögu þeirra til að samþykkja ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takmarka notkun og handhöfn íþróttafólks á bönnuðum efnum og aðferðum nema að notkun þeirra sé undanþegin í lækningaskyni.
3. Engar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum samningi koma í veg fyrir að efni eða aðferðir sem að öðrum kosti eru bönnuð eða undir eftirliti í íþróttum séu tiltæk í lögmætum tilgangi.

9. gr.

Ráðstafanir gagnvart starfslíði íþróttafólks.

Aðildarríkin skulu sjálf grípa til ráðstafana eða hvetja íþróttasamtök og samtök sem vinna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum til að samþykkja ráðstafanir, þ.á.m. refsingar eða viðurlög, sem beinast að starfslíði íþróttafólks sem brýtur reglur um lyfjamisnotkun eða fremur annað brot í sambandi við lyfjanotkun í íþróttum.

10. gr.

Fæðubótarefni.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, hvetja framleiðendur og dreifingaraðila á fæðubótarefnum til að setja sér góðar starfsreglur um markaðssetningu og dreifingu á fæðubótarefnum, svo og um upplýsingar um samsetningu þeirra og gæðaprófanir.

11. gr.

Fjárhagslegar ráðstafanir.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á:

- (a) veita fé á fjárlögum til að styðja alþjóðaáætlanir um lyfjaprófanir í öllum íþróttagreinum eða aðstoða íþróttasamtök og samtök sem vinna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum til að standa straum af kostnaði við lyfjaeftirlit annaðhvort með beinum fjárveitingum eða styrkjum eða með því að taka tillit til kostnaðar við slíkt eftirlit þegar tekin er ákvörðun um heildarfjárveitingu eða annarra styrkja til samtaka þessara,
- (b) gera ráðstafanir til að stöðva fjárhagsstuðning sem veittur er vegna íþróttaiðkunar einstakra íþróttamanna eða starfslíðs íþróttafólks sem hefur verið dæmt í keppnisbann vegna brots á reglum um lyfjamisnotkun í íþróttum, meðan á keppnisbanni stendur,
- (c) stöðva að hluta eða alfarið fjárstuðning eða annan stuðning til íþróttasamtaka eða samtaka er vinna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum sem ekki fara eftir alþjóðalyfjareglunum eða gildandi reglum gegn lyfjamisnotkun sem samþykktar eru samkvæmt alþjóðalyfjareglunum.

12. gr.

Ráðstafanir til að greiða fyrir lyfjaeftirliti.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á:

- (a) hvetja og aðstoða íþróttasamtök og samtök sem vinna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum í lögsögu þeirra til að standa að lyfjaeftirliti í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar, þar með talið eftirlit án fyrirvara, prófanir utan og í keppni, hvetja til þess og greiða fyrir því að íþróttasamtök og samtök gegn lyfjamisnotkun geri samninga er heimili að meðlimir þeirra séu prófaðir af starfslíði frá öðrum löndum sem falið er að annast eftirlit með lyfjamisnotkun,
- (c) skuldbinda sig til að aðstoða íþróttasamtök og samtök sem vinna gegn lyfjamisnotkun í lögsögu þeirra við að fá aðgang að viðurkenndri rannsóknarstofu fyrir lyfjaeftirlit til að greina sýni.

III. hluti: Alþjóðasamstarf.

13. gr.

Samstarf á milli samtaka gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og íþróttasamtaka.

Aðildarríkin skulu hvetja til samstarfs á milli samtaka gegn lyfjamisnotkun í íþróttum, opinberra stjórnvalda og íþróttasamtaka í lögsögu þeirra og í lögsögu annarra aðildarríkja til þess að ná á alþjóðavettvangi þeim markmiðum sem sett eru fram í samningi þessum.

14. gr.

Stuðningur við hlutverk Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að styðja við mikilvægt hlutverk Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar í alþjóðabaráttu gegn lyfjamisnotkun.

15. gr.

Jöfn fjárframlög til Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar.

Aðildarríkin styðja meginregluna um jöfn fjárframlög frá opinberum stjórnvöldum og Ólympíuhreyfingunni til árlegrar fjárhagsáætlunar Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar sem samþykkt er hverju sinni.

16. gr.

Alþjóðlegt samstarf um eftirlit með lyfjamisnotkun.

Aðildarríkin viðurkenna að baráttan gegn lyfjamisnotkun í íþróttum getur aðeins borið árangur þegar hægt er að prófa íþróttafólk án fyrirvara og hægt er að senda sýni í tíma til greiningar á rannsóknarstofu. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á og í samræmi við landslög:

- (a) greiða fyrir starfi Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar og samtaka gegn lyfjamisnotkun sem starfa í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar, með fyrirvara um reglugerðir landsins þar sem viðburðurinn er haldinn, við að framfylgja lyfjaeftirliti með sínu íþróttafólki í eða utan keppni, hvort sem það er á yfirráðasvæði þeirra eða annars staðar,
- (b) greiða í tæka tíð fyrir ferðum viðurkenndra eftirlitsaðila yfir landamæri vegna eftirlitsstarfa þeirra,
- (c) vinna saman til að greiða í tæka tíð fyrir flutningi á sýnum yfir landamæri á þann hátt að öryggi þeirra og áreiðanleika sé gætt,
- (d) aðstoða við alþjóðlega samræmingu á lyfjaeftirliti mismunandi samtaka gegn lyfjamisnotkun og vinna með Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnuninni í því skyni,
- (e) stuðla að samstarfi rannsóknarstofa í lyfjaeftirliti í lögsögu þeirra og í lögsögu annarra aðildarríkja. Einkum ættu aðildarríkin með viðurkenndar rannsóknarstofur í lyfjaeftirliti að hvetja rannsóknarstofur í lögsögu þeirra að aðstoða önnur aðildarríki við að öðlast þá þekkingu, færni og tækni sem nauðsynleg er til að setja á laggirnar eigin rannsóknarstofur óski þau þess,
- (f) hvetja og styrkja samtök gegn lyfjamisnotkun til að gera gagnkvæmar prófanir í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar,
- (g) á gagnkvæman hátt viðurkenna aðferðir við lyfjaeftirlit og meðferð á niðurstöðum prófana, þar á meðal viðurlög sem af þeim hlýst í íþróttum, hjá samtökum gegn lyfjamisnotkun sem starfa samkvæmt alþjóðalyfjareglunum.

17. gr.

Sjóður fyrir frjáls framlög.

1. „Sjóður til að útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum“, hér eftir nefndur „sjóðurinn“, er hér með stofnaður. Hann er myndaður af vörslusjóði sem stofnaður er í samræmi við fjárhagsreglugerðir Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Öll framlög aðildarríkjanna og annarra skulu vera frjáls.
2. Tekjustofnar sjóðsins skulu vera:
 - (a) framlög aðildarríkjanna,
 - (b) framlög, gjafir eða ánafnanir sem kunna að koma frá:
 - (i) öðrum ríkjum,
 - (ii) stofnunum og áætlunum Sameinuðu þjóðanna, einkum Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna eða öðrum alþjóðastofnunum,
 - (iii) opinberum eða einkareknum stofnunum eða einstaklingum,
 - (c) vextir af fjármunum sjóðsins,
 - (d) fé sem aflað er með söfnun, og tekjur af fjáröflun, sem er skipulögð í þágu sjóðsins,
 - (e) allir aðrir fjármunir, sem heimilaðir eru samkvæmt reglum sjóðsins sem ráðstefna aðildarríkjanna setur.
3. Framlög aðildarríkjanna til sjóðsins skulu ekki koma í stað skuldbindinga þeirra um að greiða hlut sinn til árlegrar fjárhagsáætlunar Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar.

18. gr.

Ráðstöfun sjóðsins.

Þing aðildarríkjanna ákveður ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum til verkefna sem það samþykkir, einkum til að aðstoða aðildarríkin við að þróa og koma á lyfjæftirliti í samræmi við ákvæði sammingsins og með hliðsjón af markmiðum Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar. Sjóðinn má nota til að standa straum af rekstrarkostnaði vegna sammingsins. Ekki er heimilt að setja nein stjórn-málaleg, efnahagsleg eða annars konar skilyrði í tengslum við framlög til sjóðsins.

IV. hluti: Fræðsla og þjálfun.

19. gr.

Meginreglur um almenna fræðslu og þjálfun.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig eftir aðstæðum til að styðja við, útbúa eða koma á fræðslu- og þjálfun í lyfjæftirliti. Miða skal að því að veita íþróttasamfélaginu í heild nýjustu og nákvæm-ustu upplýsingar um:
 - (a) skaðsemi lyfjamisnotkunar á siðferðisgildi í íþróttum,
 - (b) afleiðingar lyfjamisnotkunar á heilsufar.
2. Fræðsla og þjálfun fyrir íþróttafólk og starfslið þess, einkum á fyrstu þjálfunarstigum, ættu auk þess sem greint er að ofan að miða að því að gefa nýjar og nákvæmar upplýsingar um:
 - (a) starfstilhögun við lyfjæftirlit í íþróttum,
 - (b) réttindi og skyldur íþróttafólks varðandi lyfjamisnotkun, þar með taldar upplýsingar um alþjóðalyfjareglurnar og stefnu viðkomandi íþróttasamtaka og samtaka gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Í þessum upplýsingum skulu koma fram afleiðingar þess að brjóta reglur um lyfjamisnotkun í íþróttum,
 - (c) listann yfir bönnuð efni og aðferðir og undanþágur til að nota bönnuð efni í lækningaskyni,
 - (d) fæðubótarefni.

20. gr.

Siðareglur í íþróttum.

Aðildarríkin skulu hvetja viðkomandi fagsamtök og stofnanir til að að þróa viðeigandi siðareglur, góð vinnubrögð og siðferði varðandi lyfjæftirlit í íþróttum sem eru í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar.

21. gr.

Þátttaka íþróttafólks og starfsliðs íþróttafólks.

Aðildarríkin skulu stuðla að virkri þátttöku íþróttafólks og starfsliðs þess í baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og hvetja íþróttasamtök í lögsögu þeirra til að gera slíkt hið sama. Þau skulu eftir aðstæðum veita stuðning í þessu skyni.

22. gr.

Íþróttasamtök og fræðsla um lyfjæftirlit.

Aðildarríkin skulu hvetja íþróttasamtök og samtök gegn lyfjamisnotkun í íþróttum til að hrinda í framkvæmd áætlunum um fræðslu og þjálfun fyrir allt íþróttafólk og starfslið þess um málefni sem tekin eru fram í 19. gr. að ofan.

23. gr.

Samstarf um fræðslu og þjálfun.

Aðildarríkin skulu starfa saman og með viðkomandi samtökum að því að miðla upplýsingum og kunnáttu um lyfjæftirlit og, eftir því sem við á, deila reynslu sinni.

V. hluti: Rannsóknir.

24. gr.

Rannsóknir á lyfjamisnotkun.

Aðildarríkin skuldbinda sig eftir megni til að efla rannsóknir á lyfjamisnotkun í samvinnu við íþróttasamtök og önnur viðeigandi samtök í sambandi við:

- (a) forvarnir, greiningaraðferðir, hegðunar- og félagsþætti og heilsufarslegar afleiðingar lyfjamisnotkunar,
- (b) aðferðir við að taka saman leiðbeiningar um líkamlega og sálfræðilega þjálfun sem byggist á vísindalegum forsendum og þar sem borin er virðing fyrir reisu einstaklingsins og heiðarleika,
- (c) notkun á öllum nýjum efnum og aðferðum sem sprottin er af vísindalegri þróunarvinnu.

25. gr.

Eðli rannsókna á lyfjamisnotkun.

Þegar stuðlað er að rannsóknum um lyfjamisnotkun, eins og kveðið er á um í 24. gr. að ofan, skulu aðildarríkin tryggja að slíkar rannsóknir:

- (a) séu í samræmi við siðferðilegar starfsvenjur sem eru viðurkenndar á alþjóðavettvangi,
- (b) komi í veg fyrir að íþróttafólki séu gefin bönnuð efni eða aðferðir,
- (c) séu aðeins gerðar með viðeigandi öryggisráðstöfunum til að koma í veg fyrir að niðurstöðum rannsókna um lyfjamisnotkun verði beitt til að misnota lyf.

26. gr.

Miðlun á niðurstöðum rannsókna á lyfjamisnotkun.

Í samræmi við lög í hverju landi svo og alþjóðalög skulu aðildarríkin, eftir því sem við á, deila niðurstöðum úr fyrirbyggjandi rannsóknum á lyfjamisnotkun með öðrum aðildarríkjum og Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnuninni.

27. gr.

Rannsóknir í íþróttufræðum.

Aðildarríkin skulu hvetja:

- (a) vísindamenn og heilbrigðisstéttir til að stunda rannsóknir í íþróttufræðum í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar,
- (b) íþróttasamtök og starfslíð íþróttafólks í lögsögu þeirra til að gera rannsóknir í íþróttufræðum sem eru í samræmi við alþjóðalyfjareglurnar.

VI. hluti: Eftirlit með samningnum.

28. gr.

Þing aðildarríkjanna.

1. Þing aðildarríkjanna er hér með stofnað, hér eftir nefnt „þingið“. Þingið er æðsta stofnun þessa samnings.
2. Þingið kemur að jafnaði saman annað hvert ár. Það getur haldið aukafundi að eigin ákvörðun eða að kröfu a.m.k. eins þriðja hluta aðildarríkjanna.
3. Hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði á þinginu.
4. Þingið setur sér starfsreglur.

29. gr.

Ráðgjafarsamtök og áheyrnarfulltrúar á þinginu.

Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnuninni skal boðið á þing aðildarríkjanna sem ráðgjafarstofnun. Alþjóðaólympíunefndinni, Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra, Evrópuráðinu og milliríkjanefndinni um líkamsrækt og íþróttir (CIGEPS) skal boðið sem áheyrnarfulltrúum. Þingið getur ákveðið að bjóða öðrum viðeigandi samtökum sem áheyrnarfulltrúum.

30. gr.

Verkefni þingsins.

1. Auk þeirra sem kveðið er á um í ákvæðum þessa samnings skulu verkefni þingsins vera:
 - (a) að vinna að markmiðum samningsins,
 - (b) að ræða sambandið við Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunina og skoða leiðir til að fjármagna árlega fjárhagsáætlun hennar. Bjóða má ríkjum sem ekki eiga aðild samningnum til þessara viðræðna.

- (c) að samþykkja áætlun um ráðstöfun sjóðsins í samræmi við 18. gr.,
 - (d) að fara yfir skýrslur sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 31. gr.,
 - (e) að skoða reglulega hvernig haga beri eftirliti með framkvæmd samningsins í ljósi þróunar á aðferðum við lyfjæftirlit, sbr. 31. gr. Allt eftirlit eða ráðstafanir umfram það sem kveðið er á um í 31. gr. skal greiða úr sjóðnum, sbr. 17. gr.,
 - (f) að fara yfir drög að breytingum á samningnum sem lögð eru fram til samþykktar,
 - (g) að undirbúa fyrir ákvörðun, í samræmi við 34. gr. samningsins, breytingar á lista yfir bönnuð efni og aðferðir og á alþjóðlegum staðli um undanþágur til að nota bönnuð efni í lækningaskyni sem samþykktur er af Alþjóðalyfjæftirlitsstofnuninni,
 - (h) að skilgreina samstarf á milli aðildarríkjanna og Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar innan ramma samningsins og fylgja því eftir,
 - (i) að óska eftir skýrslu frá Alþjóðalyfjæftirlitsstofnuninni um framkvæmd á alþjóðalyfja-reglunum til athugunar á hverju þingi.
2. Við störf sín getur þing aðildarríkjanna unnið með öðrum milliríkjastofnunum.

31. gr.

Landsskýrslur.

Á tveggja ára fresti skulu aðildarríkin láta skrifstofu þingsins í té, á einu vinnutungumála Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, allar viðkomandi upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að framfylgja ákvæðum samningsins.

32. gr.

Skrifstofa þingsins.

1. Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal leggja þingi aðildarríkjanna til skrifstofu.
2. Að beiðni þingsins skal aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna nota til hins ítrasta þjónustu Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar með þeim skilmálum sem þingið hefur samþykkt.
3. Rekstarkostnaður sem tengist samningnum greiðist af reglulegum fjárlögum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, úr sjóðnum sem stofnaður er samkvæmt 17. gr. að ofan eða hvoru tveggja samkvæmt ákvörðun sem tekin er á tveggja ára fresti. Einungis skal vera lágmarksfjárveiting til reksturs skrifstofunnar enda skal einnig aflað frjálsra framlaga til að framkvæma samninginn.
4. Skrifstofan skal undirbúa gögn fyrir þingið svo og drög að dagskrá fyrir fundi þess og skal tryggja að ákvörðunum þingsins sé fylgt eftir.

33. gr.

Breytingar.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt til breytingar á samningnum. Skulu þær vera skriflegar og sendast aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda slíkar tillögur til allra aðildarríkjanna. Ef að minnsta kosti helmingur aðildarríkjanna hefur veitt samþykki sitt innan sex mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar, skal aðalframkvæmdastjórinn leggja slíkar tillögur fyrir næsta þing aðildarríkjanna.
2. Breytingar skulu teknar upp ef tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingi aðildarríkjanna, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, samþykkja þær.
3. Þegar breytingar á samningnum hafa verið samþykktar skal leggja þær fyrir aðildarríkin til fullgildingar, staðfestingar, samþykkis eða aðildar.
4. Breytingar á samningnum öðlast gildi, en einungis að því er þau aðildarríki varðar sem hafa fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðilar að þeim, þremur mánuðum eftir að tveir þriðju aðildarríkjanna hafa afhent til vörslu skjölin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Eftir það öðlast breyting gildi, að því er hvert aðildarríki varðar sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að breytingunni, þremur mánuðum eftir að það aðildarríki afhenti til vörslu skjöl um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild.

5. Ríki, sem gerist aðili að samningi þessum eftir að breytingarnar í samræmi við 4. málsgrein þessarar greinar öðlast gildi, telst, ef það lætur ekki í ljós annan ásetning:
- vera aðili að samningi þessum með áorðnum breytingum og,
 - vera aðili að óbreyttum samningi gagnvart öðru aðildarríki sem ekki er bundið af breytingunum.

34. gr.

Breytingar á viðaukum sammingsins.

- Ef Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunin breytir lista yfir bönnuð efni og aðferðir eða breytir alþjóðlegum stöðlum um undanþágur til að nota bönnuð efni í lækningaskyni, getur hún tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skriflega um þær breytingar. Aðalframkvæmdastjórinn skal án tafar tilkynna öllum aðildarríkjunum slíkar breytingar sem breytingartillögur við viðkomandi viðauka. Breytingar á viðaukunum skulu samþykktar af aðildarríkjunum, annaðhvort á þingi eða með skriflegu samráði.
- Aðildarríkin hafa 45 daga frá tilkynningu aðalframkvæmdastjórans til að mótmæla framlagðri breytingu annaðhvort skriflega til aðalframkvæmdastjórans, ef um skriflegt samráð er að ræða, eða á þingi aðildarríkjanna. Breytingatillagan telst samþykkt nema að tveir þriðju hlutar aðildarríkjanna láti í ljósi andstöðu.
- Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkjunum samþykktar breytingar þingsins. Breytingarnar taka gildi 45 dögum eftir tilkynninguna, nema hjá þeim aðildarríkjum sem hafa áður upplýst aðalframkvæmdastjóranum um að þau samþykki ekki þessar breytingar.
- Aðildarríki sem tilkynnt hefur aðalframkvæmdastjóranum að það samþykki ekki breytingatillögu sem samþykkt hefur verið samkvæmt ofangreindum málsgreinum er bundið af viðaukunum óbreyttum.

VII. hluti: Lokaákvæði.

35. gr.

Stjórnkerfi sambandsríkis eða ríkis sem lýtur ekki heildarstjórn.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um þau aðildarríki sem hafa stjórnkerfi sambandsríkis eða ríkis sem lýtur ekki heildarstjórn:

- þegar það fellur undir lögsögu sambandslöggjafarvalds eða miðstýrðs löggjafarvalds að fylgja eftir ákvæðum sammings þessa, skulu skuldbindingar sambandsstjórnar eða miðstjórnar vera hinar sömu og þeirra aðildarríkja sem ekki eru sambandsríki,
- þegar framkvæmd ákvæða sammings þessa fellur undir lögsögu einstakra fylkja í sambandsríki, landa, héraða eða kantóna, sem stjórnskipan sambandsríkisins skuldbindur ekki til að setja lög og reglur, skal sambandsstjórnin kynna lögbærum yfirvöldum slíkra fylkja, landa, héraða eða kantóna fyrrnefnd ákvæði og mælast til þess að þau verði samþykkt.

36. gr.

Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

Samningur þessi er háður fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild aðildarríkja Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnskipunarlega málsmeðferð hvers þeirra. Skjöl um fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild skulu afhent til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

37. gr.

Gildistaka.

- Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að einn mánuður er liðinn frá því að þrítugasta skjalið um fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild var afhent til vörslu.
- Samningurinn öðlast gildi að því er önnur ríki varðar fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá því að skjal hvers þeirra um fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.

38. gr.

Lögsaga.

1. Sérhvert ríki getur, er það afhendir til vörslu skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, tilgreint það eða þau landsvæði sem það ber ábyrgð á varðandi alþjóðleg samskipti og samningurinn nær til.
2. Sérhvert ríki getur síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, látið samninginn ná til hvaða annars landsvæðis til viðbótar sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Gagnvart slíku landsvæði öðlast samningurinn gildi fyrsta dag eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi er vörsluaðila berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt fyrrgreindum tveimur málsgreinum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Afturköllunin skal öðlast gildi fyrsta dag eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi er vörsluaðilanum berst slík tilkynning.

39. gr.

Uppsögn.

Sérhvert aðildarríki getur sagt samningnum upp. Uppsögn skal tilkynnt skriflega og afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar eftir að sex mánuðir eru liðnir frá viðtöku uppsagnarskjalsins. Hún hefur ekki áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar uppsagnarríkisins fyrr en á þeim degi sem hún öðlast gildi.

40. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili þessa samnings svo og breytinga við hann. Sem vörsluaðili skal aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna upplýsa aðildarríki samningsins sem og önnur aðildarríki um:

- (a) afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild,
- (b) gildistöku samningsins samkvæmt 37. gr. að ofan,
- (c) allar skýrslur sem gerðar eru samkvæmt 31. gr. að ofan,
- (d) allar breytingar á samningnum eða viðaukunum sem samþykktar eru samkvæmt 33. og 34. gr. að ofan og þann dag sem þær öðlast gildi,
- (e) allar yfirlýsingar eða tilkynningar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum 38. gr. að ofan,
- (f) allar tilkynningar samkvæmt ákvæðum 39. gr. og þann dag er uppsögn þeirra öðlast gildi,
- (g) allar aðrar gerðir, tilkynningar eða orðsendingar varðandi samning þennan.

41. gr.

Skráning.

Samningur þessi skal skráður, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

42. gr.

Gildir textar.

1. Samningur þessi ásamt viðaukum er gerður á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir sex textarnir jafngildir.
2. Viðbætanir við þennan samning eru gerðir á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku.

43. gr.

Fyrirvarar.

Engir fyrirvarar sem ekki samrýmast markmiði eða tilgangi samningsins skulu heimilaðir.

Viðaukar.

1. Listi yfir bönnuð efni og aðferðir – alþjóðlegur staðall.
2. Alþjóðlegur staðall um veitingu á undanþágum til að nota bönnuð efni í lækningaskyni.

Viðbætar.

1. Alþjóðalyfjareglurnar (WADC).
2. Alþjóðlegur staðall um rannsóknarstofur.
3. Alþjóðlegur prófunarstaðall.



**VIÐAUKI I
Alþjóðalyfjareglurnar
LISTI YFIR BÖNNUÐ EFNI
OG AÐFERÐIR**

2005

ALÞJÓÐLEGUR STAÐALL

Opinber texti bannlistans er gefinn út af WADA á ensku og frönsku. Komi upp ósamræmi milli túlkunar ensku og frönsku útgáfunnar, skal enska útgáfan ráða.

Engin lyf á að nota nema í læknisfræðilegum tilgangi.

Gildir frá 1. janúar 2005

**EFNI OG ADFERÐIR SEM BANNAD ER AÐ NOTA
BÆÐI Í KEPPNI OG UTAN KEPPNI**

BÖNNUÐ EFNI

S1. VEFAUKANDI EFNI

Vefaukandi efni eru bönnuð.

1. Vefaukandi karlkynssterar

a. Utanaðkomandi* vefaukandi karlkynssterar, þar á meðal (ekki tæmandi upptalning):

18a-homo-17b-hydroxyestr-4-en-3-one, bolasterone, boldenone, boldione, calusterone, clostebol, danazol, dehydrochloromethyltestosterone, delta1-androstene-3,17-dione, delta1-androstenediol, delta1-dihydro-testosterone, drostanolone, ethylestrenol, fluoxymesterone, formebolone, furazabol, gestrinone, 4-hydroxytestosterone, 4-hydroxy-19-nortestosterone, mestanolone, mesterolone, metenolone, methandienone, methandriol, methyldienolone, methyltrienolone, methyltestosterone, mibolone, nandrolone, 19-norandrostenediol, 19-norandrostenedione, norbolethone, norclostebol, norethandrolone, oxabolone, oxandrolone, oxymesterone, oxymetholone, quinbolone, stanozolol, stenbolone, tetrahydrogestrinone, trenbolone og önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif.

b. Eigin** vefaukandi karlkynssterar:

androstenediol (androst-5-ene-3b,17b-diol), androstenedione (androst-4-ene-3,17-dione, dehydroepiandrosterone (DHEA), dihydrotestosterone, testosterone

ásamt eftirtöldum niðurbrotsefnum og handhverfum:

5a-androstane-3a,17a-diol, 5a-androstane-3a,17b-diol, 5a-androstane-3b,17a-diol, 5a-androstane-3b,17b-diol, androst-4-ene-3a,17a-diol, androst-4-ene-3a,17b-diol, androst-4-ene-3b,17a-diol, androst-5-ene-3a,17a-diol, androst-5-ene-3a,17b-diol, androst-5-ene-3b,17a-diol, 4-androstenediol (androst-4-ene-3b,17b-diol), 5-androstenedione (androst-5-ene-3,17-dione), epi-dihydrotestosterone, 3a-hydroxy-5a-androstan-17-one, 3b-hydroxy-5a-androstan-17-one, 19-norandrosterone, 19-noreti-ocholanolone.

Ef bannað efni (sbr. hér að ofan) gæti verið framleitt á eðlilegan hátt í mannslíkamanum, skal litið svo á að það sé til staðar á óleyfilegan hátt í sýni úr lyfjaeftirliti ef styrkur þess, niðurbrotsefna þess eða annarra lífvísa sem gefa tilvist þess til kynna, eða einhver hlutföll þessara efna, víkja svo mikið frá eðlilegum gildum að það geti ekki samrýmst eigin framleiðslu líkamans á hinu bannaða efni. Ekki skal litið svo á að slíkt bannað efni sé til staðar á óleyfilegan hátt í sýni úr lyfjaeftirliti ef íþróttamaðurinn getur fært sönnur á að styrkur þess, niðurbrotsefna þess eða annarra lífvísa, eða viðkomandi hlutföll þessara efna í sýninu, stafi af sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum íþróttamannsins. Ef sýnt er fram á með áreiðanlegum greiningaraðferðum að hið bannaða efni sé utanaðkomandi og því ekki framleitt á eðlilegan hátt í líkamanum skal í öllum tilfellum litið svo á að um lyfjamisnotkun sé að ræða, óháð styrk hins bannaða efnis í sýninu.

Ef niðurstaða efnagreiningar á sýni úr lyfjaeftirliti er ekki óyggjandi eða ef bannað efni, niðurbrotsefni þess eða aðrir lífvísar sem gefa tilvist þess til kynna finnast ekki í sýninu, en einhverjir aðrir eiginleikar sýnisins gefa alvarlegar vísbendingar um lyfjamisnotkun, s.s. ef efnasamsetning þess eða styrkur einstakra efna vikur á verulegan hátt frá viðmiðunargildum, skal framkvæmdaðili lyfjaeftirlitsins láta framkvæma frekari rannsóknir.

Ef niðurstöður efnagreiningar sýna að T/E-hlutfall (hlutfall testosterone (T) á móti epitestosterone (E)) er hærra en fjórir (4) á móti einum (1) í þvagsýni úr lyfjaeftirliti, er framkvæmdaraðili

lyfjæftirlitsins skylt að láta framkvæma frekari rannsóknir til að ganga úr skugga um hvort svo hátt hlutfall stafi af sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum íþróttamannsins, nema sýnt sé fram á með áreiðanlegum greiningaraðferðum að um utanaðkomandi testosterone sé að ræða, sem ekki er framleitt á eðlilegan hátt í líkamanum.

Ef frekari rannsóknir eru þörf á niðurstöðum úr lyfjæftirliti, sbr. hér að ofan, skulu þær fela í sér endurskoðun niðurstaðna úr efnagreiningu á sýnum sem íþróttamaðurinn hefur gefið áður við lyfjæftirlit, ásamt greiningu frekari sýna frá honum. Ef íþróttamaðurinn hefur ekki gengist undir lyfjæftirlit áður, skal hann gangast undir lyfjæftirlit án fyrirvara, a.m.k. þrisvar á þriggja mánaða tímabili.

Ef íþróttamaðurinn neitar að gangast undir slíka rannsókn skal litið svo á að hann hafi gerst sekur um lyfjamisnotkun.

2. Önnur vefaukandi efni, þar á meðal (ekki tæmandi upptalning):

Clenbuterol, zeranol, zilpaterol.

Merkingar orða í þessum kafla:

* „utanaðkomandi“ (exogenous) merkir efni sem ekki gætu verið framleidd á eðlilegan hátt í mannslíkamanum.

** „eigin“ (endogenous) merkir efni sem gætu verið framleidd á eðlilegan hátt í mannslíkamanum.

S2. PEPTÍÐHORMÓN

Eftirtalin efni eru bönnuð, ásamt öðrum efnum með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif og losunarþáttum þeirra:

Erythropoietin (EPO)

Vaxtarhormón (hGH), Insúlín-likur vaxtarþáttur (Insulin-like Growth Factor; IGF-1) og hreyfi-vaxtarþættir (Mechano Growth Factors; MGFs)

Gonadotrophin (LH, hCG)

Insúlín

Corticotrophin

Litið skal svo á að bannað efni (sbr. hér að ofan) sé til staðar á óleyfilegan hátt í sýni úr lyfjæftirliti ef styrkur þess, niðurbrotsefna þess eða annarra lífvísa sem gefa tilvist þess til kynna, eða einhver hlutföll þessara efna, víkja svo mikið frá eðlilegum gildum að það geti ekki samrýmst eigin framleiðslu líkamans á hinu bannaða efni, nema íþróttamaðurinn geti fært sönnur á að þetta stafi af sjúklegu ástandi eða líffræðilegum sérkennum hans.

Ef efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif, lífvísar sem gefa til kynna tilvist ofantalinna peptíðhormóna eða losunarþættir þeirra finnast í sýni úr lyfjæftirliti, eða ef aðrar niðurstöður gefa vísbendingar um að þau peptíðhormón sem finnast í sýninu séu ekki framleidd í líkamanum á eðlilegan hátt, skal litið á slíkt sem óeðlilega niðurstöðu efnagreiningar (adverse analytical finding).

S3. BETA-2 VIRK EFNI

Öll beta-2 virk efni, bæði D- og L- handhverfur, eru bönnuð og er nauðsynlegt að sækja um undanþágu til notkunar þeirra.

Undantekning frá þessu er að nægilegt er að sækja um einfaldaða undanþágu til að nota formoterol, salbutamol, salmeterol og terbutaline sem innöndunarlyf til að fyrirbyggja og/eða meðhöndla astma og áreynsluastma/berkjuprengingu.

Ef niðurstöður efnagreiningar á sýni úr lyfjaeftirliti sýna að heildarstyrkur salbutamols (sem frítt efni og sem glúkúróníð) er hærri en 1000 ng/mL skal litið á slíkt sem óeðlilega niðurstöðu efnagreiningar (adverse analytical finding) þó undanþága hafi verið veitt til notkunar salbutamols í lækningaskyni, nema íþróttamaðurinn geti fært sönnur á að þessi styrkur sé afleiðing notkunar efnisins sem innöndunarlyfs í lækningaskyni.

S4. EFNI MEÐ AND-ÖSTROGEN VIRKNI

Eftirtalin efni með and-östrogen virkni (anti-estrogenic substances) eru bönnuð:

Aromatasa hindrar, þar á meðal (ekki tæmandi upptalning): anastrozole, letrozole, aminogluthet-himide, exemestane, formestane, testolactone.

Efni sem hafa sértæk áhrif á starfsemi östrogen-viðtaka (selective estrogen receptor modulators, SERM), þar á meðal (ekki tæmandi upptalning): raloxifene, tamoxifene, toremifene.

Önnur efni með and-östrogen virkni, þar á meðal (ekki tæmandi upptalning): clomiphene, cyclofenil, fulvestrant.

S5. ÞVAGRÆSILYF OG ÖNNUR EFNI SEM DYLJA LYFJAMISNOTKUN

Þvagræsilyf og önnur efni sem dylja lyfjamisnotkun eru bönnuð.

Meðal efna sem dylja lyfjamisnotkun eru (ekki tæmandi upptalning):

Þvagræsilyf*, epitestosterone, probenecid, alfa-reduktasa hemlar (t.d. finasteride, dutasteride), efni sem auka rúmmál blóðvökva (t.d. albumin, dextran, hydroxyethyl sterkja).

Meðal þvagræsilyfja eru:

acetazolamide, amiloride, bumetanide, canrenone, chlortalidone, etacrynic acid, furosemide, indapamide, metolazone, spironolactone, thiazide-efni (t.d. bendroflumethiazide, chlorothiazide, hydrochlorothiazide), triamterene, og önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif.

* Undanþága til notkunar þvagræsilyfs fellur úr gildi ef þvagsýni íþróttamanns inniheldur þvagræsilyf ásamt öðru bönnuðu efni eða efnum.

